

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Völustalls.

1. gr.

Heiti.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Völustalls og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang.

Heimilisfang sjóðsins er í Akureyrarbæ.

3. gr.

Markmið.

Markmið sjóðsins er að stuðla að aukinni velferð dýra. Markmiðinu er náð með því að veita styrki. Ákvörðun um styrkveitingar er tekin af stjórn Völustalls hverju sinni.

4. gr.

Stofnandi.

Stofnandi sjóðsins er Völustallur ehf., kt. 450110-1320.

5. gr.

Stofnfé.

Stofnfé sjóðsins er 1.670.000 kr. sem lagt er fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Sjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum.

6. gr.

Stjórn.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn sjóðsins. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum sjóðsins í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

7. gr.

Fundarboðun.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

Aðrar stjórnareiningar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur sjóðsins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Bókhald.

Sjóðurinn skal færa bókhald um starfsemi sína. Stjórn, framkvæmdastjóri eða fjárvörsluaðili sjóðsins skal semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við lög um bókhald nr. 145/1994.

Ákvæði laga um bókhald gilda um hæfi og störf skoðunarmanna og trúnaðarmanna. Trúnaðarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir sjóðinn.

10. gr.

Endurskoðendur.

Sjóðurinn skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn til að yfirfara ársreikning og varamenn þeirra. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna sjóðsins.

Ákvæði laga um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfund sjóðsins til samþykktar. Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert.

11. gr.

Reikningsárið.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

12. gr.

Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóðum eða sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir sýslumanninn á Vestfjörðum. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiða sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

13. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Vestfjörðum á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á fundi Völustalls ehf. á Akureyri 26. febrúar 2025.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 19. maí 2025.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Martyna Julia Czubaj.

B deild - Útgáfudagur: 4. júní 2025